

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 21. september 2021.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eyþórsson og Einar Gíslason.

1. Formannafundur LH – 30. október í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Eftirfarandi munu sækja fundinn:

Hjörtur Bergstað, formaður
Hlíf Sturludóttir, gjaldkeri
Einar Gíslason, framkvæmdastjóri

2. Brunavarnir í félagsheimili og reiðhöll

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom og tók út brunavarnir í félagsheimilinu. Ekki hefur verið skilað inn neinum breytingum á húsnæðinu síðan 2004 og er sú teikning orðin úrelt. Til dæmis er búið að taka brunavarnarhurðar í anddyri og gera hurð að norðan inn í Guðmundarstofu. Fara þarf yfir neyðarlýsingu, skiptingu brunahólfa og laga flóttaleiðir og þegar því er lokið þarf að skila inn nýjum teikningum til byggingarfulltrúa.

Stjórn samþykkir fyrirhugaðar framkvæmdir.

3. Fundur með vegna deiliskipulagstillögu Fáks

Farið yfir fund með Birni Inga Edvardssyni verkefnisstjóra hjá Reykjavíkurborg vegna deiliskipulagsbreytingar sem Fákur hefur sent inn. Óskaði Björn eftir betri greinargerð með tillögunni.

Einhver kostnaður verður vegna þessa og samþykkir stjórn að Landslag vinni greinargerð til að skila til borgarinnar.

4. Erindi frá Hrefnu Halldórsdóttur

Stjórn hefur borist bréf varðandi vöntun á undirlagi í stóra reiðgerðið í Faxabóli. Stjórn tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra að leita tilboða í viðhald á undirlagi.

Fundi lauk 18:00

Fundargerð skrifaði Einar Gíslason